

Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2012

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2012. Eyðublöðin má sækja á upplýsingavef ríkisskattstjóra og á starfsstöðvar ríkisskattstjóra. Nú er unnt að skila ofangreindum eyðublöðum með rafrænum framtalsskilum.

1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukattsskylda starfsemi á árinu 2011 að þeir beri virðisaukattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt vsk-númer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Sam-
anburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað með skattframtali 2012, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08), þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila „Sam-
anburðarskýrslunni“ (RSK 10.25).

2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi við framangreindan samanburð fram mis-
munur skal leiðréttingu komið á framfæri með „Leið-
réttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Þó skulu þeir sem hafa skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði nota skýrsluformið RSK 10.01.

Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað skilað til innheimtumanns ríkissjóðs.

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til ríkisskatt-
stjóra í síðasta lagi með skattframtali 2012, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2011 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2011 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2011 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til ríkisskatt-
stjóra í síðasta lagi með skattframtali 2012, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra og hjá skattstofum um land allt.

vefskil virðisaukaskatts

engar biðraðir ...

... engin tímapressa

... enginn pappír ...

... auðvelt að greiða

... auðvelt að muna ...

... einfaldar bókhaldið

... einföld skil ...